

AUGLÝSING um deiliskipulag í Sveitarfélaginu Árborg.

Miðtún 1-17, Selfossi, deiliskipulag.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkti á fundi sínum 21. júní 2023, tillögu að deiliskipulagi Miðtúns 1-17 á Selfossi.

Deiliskipulagstillagan tekur til afmörkunar lóða 1-17, í þegar byggðu hverfi, með áherslu á að lóðum 15 og 17 verði skipt upp í tvær lóðir hvorri, auk skilgreiningar á byggingarheimildum. Deiliskipulagið er í samræmi við aðalskipulag Sveitarfélagsins Árborgar 2020-2036, en þar er Miðtún 1 skilgreint sem samfélagsþjónusta (S7) og Miðtún 3-17 sem íbúðarbyggð (ÍB19). Skipulagssvæðið er um 1,9 ha að stærð.

Skipulagstillagan hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Selfossi, 16. október 2023.

Rúnar Guðmundsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 30. október 2023